

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1294/2005

2008/EES/76/28

frá 5. ágúst 2005

um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt meginreglunum um lífræna framleiðslu á býlum, sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, skal búfé alið á lífrænt framleiddu föðri. Á aðlögunartímabili, sem rennur út 24. ágúst 2005, er bændum heimilt að nota takmarkað hlutfall hefðbundins föðurs ef þeir geta sýnt fram á að lífrænt föður sé ófáanlegt.
- 2) Svo virðist sem ekki muni verða til nægilegt magn til að fullnægja þörf fyrir lífræn föðurefni í Bandalaginu eftir 24. ágúst 2005, einkum að því er varðar prótínrík föðurefni sem þarf til að viðhalda framleiðslu fyrir einmaga dýr og, í minna mæli, fyrir jörturdýr.

- 3) Nauðsynlegt er því að framlengja það aðlögunartímabili þegar leyfa má notkun hefðbundins föðurs.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar eru brýnar þar eð ákvæðið um notkun hefðbundins föðurs rennur út 24. ágúst 2005 og því skal þessi reglugerð öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 25. ágúst 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. ágúst 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 205, 6.8.2005, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 60, 30.11.2006, p. 27.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2254/2004 (Stjtið. ESB L 385, 29.12.2004, bls. 20).

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

Í stað liðar 4.8 komi eftirfarandi:

„Þrátt fyrir ákvæði liðar 4.2 er heimilt að leyfa notkun takmarkaðs hlutfalls hefðbundins fôðurs úr landbúnaði ef bændur geta sýnt eftirlitsaðila eða -yfirvaldi aðildarríkisins fram á að þeir hafi ekki tók á að afla fôðurs eingöngu frá lífrænni framleiðslu.

Mesta leyfilega hlutfall hefðbundins fôðurs á hverju 12 mánaða tímabili er:

- a) fyrir grasbita: 5% á tímabilinu 25. ágúst 2005 til 31. desember 2007,
- b) fyrir aðrar tegundir:
 - 15% á tímabilinu 25. ágúst 2005 til 31. desember 2007,
 - 10% á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2009,
 - 5% á tímabilinu 1. janúar 2010 til 31. desember 2011.

Þessar tölur skal reikna árlega sem hundraðshluta af þurrefni fôðurs úr landbúnaði. Mesta leyfilega hlutfall hefðbundins fôðurs í daglegum skammti, utan þess tíma sem dýr fara árlega milli bithaga, skal vera 25%, reiknað sem hundraðshluti þurrefnis.“
